

6. gr.

Flugvallastjóri setur nánari reglur um framkomu og hegðun starfsmanna flugmálastjórnarinnar, þegar þeir bera einkennisbúning.

204

16. okt.

7. gr.

Starfsmenn fá ein ný einkennisföt og húfu til afnota, ókeypis, allt að einu sinni á ári. Yfirhöfn á tveggja ára fresti. Annað búningnum tilheyrandi, svo sem skyrtur, skó o. þ. h. skal starfsmaður kaupa sjálfur.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. október 1952.

Björn Ólafsson.

Páll Palmason.

REGLUGERÐ

205

17. okt.

um breyting á reglugerð nr. 96/1950 um breyting á reglum um starfrækslu og starfsmenn landssímans.

1. gr.

Aftan við a-lið 1. gr. komi ný setning, svohljóðandi:

Þó skal hinn reglulegi starfstími þeirra, sem annast gæzlu í veljarasal sjálfvirku stöðvarinnar í Reykjavík og á Akureyri, vera innan tímabilsins kl. 0800—1800, og gildir það frá 1. janúar 1951.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Póst- og símamálaráðherrann, 17. október 1952.

Björn Ólafsson.

G. Briem.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð Önnu Ingibjargar Eyjólfsdóttur og Eriks Alfreds Johanson frá Flateyri“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 17. október 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Önnu Ingibjargar Eyjólfsdóttur og Eriks Alfreds Johanson frá Flateyri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Menningarsjóður Önnu og Alfreds.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Önnu Ingibjörgu Eyjólfsdóttur og Erik Alfred Johanson, Flateyri, með erfðaskrá undirritaðri 27. september 1948.